

M-48/2013 Álit 19. desember 2013

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-48/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 21. nóvember sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari upplýsingum um kostnaðaráætlun þá sem gerð var fyrir verkið af seljanda og vísað er til í álitsbeiðni þinni, þ.e. afrit af áætluninni.
- 2) Nánari útlistun á þeim frávikum sem þú telur hafa verið frá fyrrgreindri kostnaðaráætlun.
- 3) Nánari lýsingu á verki því er seljandi vann fyrir þig.
- 4) Lýsingu á samskiptum þínum við seljanda á meðan á verkinu stóð með t.t. viðbótarverka sem unnin voru af seljanda.
- 5) Hvaða kröfur þú gerir á hendur seljanda.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 30. nóvember n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni. Beðist er velvirðingar á þeim töfum sem orðið hafa á afgreiðslu málsins.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 21. nóvember sl.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir